



Fwd: Óskað er eftir umsögnum um breytingar á frv. til laga um skipulagslög, 144. mál (breytingartillögur og minnisblað meðfylgjandi)

Bréf: Bréf

Málsnúmer: 2023030147

Málalýklar: 50.12 Lög frumvörp til laga reglur og reglugerðir

Eigandi skjals: Svava S. Steinarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 14.03.2023

Dagsetning skjals: 07.03.2023

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Árný Sigurðardóttir"

</O=EXCHANGELABS/OU=EXCHANGE ADMINISTRATIVE GROUP

(FYDIBOHF23SPDLT)/CN=RECIPIENTS/CN=EEB6182 D63FA4A8AA82A4C4013C25A02-ARNY SIGURD>

Notandi: "Árný Sigurðardóttir" </O=EXCHANGELABS/OU=EXCHANGE ADMINISTRATIVE GROUP (FYDIBOHF23SPDLT)/CN=RECIPIENTS/CN=EEB6182D63FA4A8AA82A4C4013C25A02-ARNY SIGURD>

Dagsetning: 7.3.2023 16:54:04

Til: "Svava Svanborg Steinarsdóttir" </o=ExchangeLabs/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=78988d4ec27743a1899165fd6c80f1d9-Svava Svanb>, "Tómas Guðberg Gíslason" <Tomas.Gudberg.Gislason@reykjavik.is>

Efni: Fwd: Óskað er eftir umsögnum um breytingar á frv. til laga um skipulagslög, 144. mál (breytingartillögur og minnisblað meðfylgjandi)

Hæ Svava

Sjá meðfylgjandi beiðni, yfir til þín/ykkar

Með kveðju,

Árný Sigurðardóttir

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Frá: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>

Sent: Tuesday, March 7, 2023 2:42:46 PM

Til: Akureyrarbær <huldasif@akureyri.is>; Akureyrarbær <akureyri@akureyri.is>; Akureyrarbær <asthildur@akureyri.is>; Bláskógabyggð <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>; Bláskógabyggð <sigurros@blaskogabyggd.is>; Bændasamtök Íslands <hilmar@bondi.is>; Bændasamtök Íslands <vigdis@bondi.is>; Bændasamtök Íslands <bondi@bondi.is>; Bændasamtök Íslands <unnsteinn@bondi.is>; Bændasamtök Íslands <sverrirfalur@bondi.is>; Árný Sigurðardóttir <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; Glóey Helgudóttir Finnsdóttir <gloey.helgudottir.finnsdottir@reykjavik.is>; Húnaþing vestra <skrifstofa@hunathing.is>; Landsnet <gudmunduri@landsnet.is>; Landsnet <landsnet@landsnet.is>; Landvernd <audur@landvernd.is>; Landvernd <landvernd@landvernd.is>; Landvernd <tryggvi@landvernd.is>; Múlaþing <bjorn.ingimarsson@mulathing.is>; Múlaþing <mulathing@mulathing.is>; Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands <nsve@nsve.is>; Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands <mjollin@simnet.is>; Náttúruverndarsamtök Suðvesturland <helena@krysuvik.is>; Reykjanesbær <reykjanesbaer@reykjanesbaer.is>; Reykjanesbær <kjartan.m.kjartansson@reykjanesbaer.is>; Umsagnarbeiðnir - Alþingi <althingi@reykjavik.is>; Samband íslenskra sveitarfélaga <gudjon.bragason@samband.is>; Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>; Samtök iðnaðarinnar <umsagnir@si.is>; Sveitarfélagið Árborg <radhus@arborg.is>; Sveitarfélagið Árborg <fjolask@arborg.is>; Sveitarfélagið Hornafjörður <radhus@hornafjordur.is>; Sveitarfélagið Hornafjörður <bryndis@hornafjordur.is>; Sveitarfélagið Vogar <skrifstofa@vogar.is>; Viðskiptaráð Íslands <vi@vi.is>; Viðskiptaráð Íslands <svanhildurholm@vi.is>; Viðskiptaráð Íslands <agla@vi.is>; Viðskiptaráð Íslands <elisa@vi.is>; Þingeyjarsveit <thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is>; Þingeyjarsveit <gisli@thingeyjarsveit.is>

Efni: Óskað er eftir umsögnum um breytingar á frv. til laga um skipulagslög, 144. mál (breytingartillögur og minnisblað meðfylgjandi)

Komið sæl,

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir ykkur til umsagnar meðfylgjandi tillögur á breytingum við 144. mál skipulagslög <https://www.althingi.is/altext/153/s/0144.html>

með **vikufresti eða til 14. mars**. Einnig er meðfylgjandi minnisblað á tillögnum frá innviðaráðuneyti.

Óskað er eftir því að umsögn verði send á nefndasvid@althingi.is

Kveðja,

[Diagram Description automatically generated](#)

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Sérfræðingur

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

call 

[IMAGE] [IMAGE] [IMAGE] [IMAGE] [IMAGE]


Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja,


að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda. [Fyrirvari/Disclaimer](#)





image001.png


 - *image002.png*



 - *image003.png*

 - *image004.png*

 - *image005.png*

 - *image006.png*

 - *image007.jpg*

 - *07-stjfrv-skipulagslög-uppbygging innviða-tillaga að breytingum.pdf*  -
Minnisblað til umhverfis- og samgöngunefndar - mars 23.pdf

Alþingi
b.t. b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. mars 2023
Tilvísun: 2023030147

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis dags. 7. mars 2023 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál. Búið er að gera nokkrar breytingar á frumvarpinu síðan það kom síðast til samráðs 2022. Frumvarpið á að fela í sér tillögu til einföldunar á stjórnslu við gerð skipulagsáætlana og útgáfu framkvæmdaleyfa vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir erindið og meðfylgjandi gögn og eftirfarandi umsögn.

HER ítrekar fyrri umsögn til nefndasviðs Alþingis dags 31. október 2022 auk þess sem vísað er til umsagna í samráðsgátt dags. 1. október 2020 og til nefndasviðs Alþingis dags 27. nóvember 2020. Að mati HER standa þær athugasemdir sem þar koma fram enn og eru því ítrekaðar hér. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að skipaður hafi verið áttakshópur í kjölfar fárviðris í desember 2019 með það að markmiði m.a. meta aðgerðir til að efla innviði flutnings- og dreifikerfis raforku. Hópurinn benti á að þegar raflínur liggja um fleiri en eitt sveitarfélag kalli það á tímafrekar breytingar á aðalskipulagi hvers sveitarfélags, auk þess sem gefa þarf út framkvæmdaleyfi í hverju sveitarfélagið fyrir sig. Bent var á þá lausn skipa sérstaka stjórnslunefnd sem hefur það hlutverk að taka sameiginlega skipulagsákvörðun sem nær til einnar framkvæmdar vegna flutningskerfis raforku, þvert á sveitarfélagsmörk, myndi leysa þetta í stað aðkomu hvers sveitarfélags fyrir sig. Nái nefndin ekki meirihluta samþykki fyrir einstökum málum eða einróma samþykki við skipulagstillögu fer málið til úrskurðar hjá ráðherra. Að mati HER myndi skipan sérstakrar stjórnslunefndar til að taka eina skipulagsákvörðun þvert á mörg sveitarfélög ekki vera æskileg leið til að stytta málsmeðferð. Skipulagsvaldið færir þar frá sveitarfélögunum sem oft og tíðum hafa mismunandi hagsmuna að gæta og ekki fæst séð að unnt væri að tryggja þá hagsmuni þó sveitarfélagið eigi einn fulltrúa í stjórnslunefndinni. Náist ekki einróma samþykki í raflínunefnd fer málið til úrskurðar hjá ráðherra sem getur þá tekið fram fyrir hendur þess sveitarfélags sem ekki er sammála tillögu að raflínuskipulagi. Slíkt fyrirkomulag vegur að sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga sem tryggður er í 78. gr. stjórnarskrár. Skv. frumvarpinu verður stefna samkvæmt raflínuskipulagi bindandi við gerð svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags og við útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa. Þá mun skv. 8. gr. frv. bætast við 12. gr. laganna tveir málsliðir þar sem fram kemur að raflínuskipulag sé rétt hærra en svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag fyrir þá framkvæmd sem það tekur til og eiga sveitarstjórnir að taka framkvæmdina inn í sitt aðalskipulag innan fjögurra ára frá samþykkt. Ljóst er að fyrir sveitarfélög sem leggjast gegn framkvæmdinni er þetta mjög íþyngjandi inngríp í skipulagsmál þeirra.

HER telur það einnig áhyggjuefni að mögulega verði samþykkt raflínuskipulag sem gangi þvert á stefnu viðkomandi sveitarfélags í umhverfismálum og geti valdið óæskilegum umhverfisáhrifum sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir hefði skipulagsvaldið í þessum málefnum enn verið hjá sveitarstjórn. Útgáfa eins framkvæmdaleyfis á vegum nefndarinnar er einnig annmörkum háð. Þar til bær yfirvöld í hverju sveitarfélagi eru í mörgum tilvikum að binda slík leyfi mismunandi skilyrðum, allt eftir aðstæðum. Í 10. gr. frv. er talað um að leyfisveitanda beri að binda framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum um mótvægisáðgerðir og vöktun sem fram koma í álitni Skipulagsstofnunar en tekið fram að jafnframt sé heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins eða raflínuskipulag. Hér er ekki tryggt að sveitarfélög geti komið að ákvæðum úr sínum skipulagsáætlunum eða samþykktum, aðeins er inni heimild um slíkt. Hér er einnig verið að grípa fram fyrir hendurnar á sveitarfélögum með því að láta nefndina sjá um útgáfu leyfa, þó gert sé ráð fyrir að skipulagsfulltrúi hvers sveitarfélags sé fenginn til að sinna eftirlit og umsýslu.

HER ítrekar það sem fram hefur komið í fyrri umsögnum, vegna hlutverks síns sbr. ákvæði samþykktar um verndun vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu nr. 555/2015, að hagsmunir vatnsverndar ganga þvert á sveitarfélagsmörk og varða ein mikilvægustu lífsgæði íbúa sem er aðgangur að hreinu drykkjarvatni. Allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins eru háðar starfsleyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlits en framkvæmdastjórn um vatnsvernd, skipuð framkvæmdastjórn heilbrigðiseftirlitanna á höfuðborgarsvæðinu, hefur með sér samráð um útgáfu starfsleyfa og umsjón svæðisins. Vel hefur gengið með það samráð m.a. að koma að og sætta sjónarmið margra sveitarfélaga og hagsmuni þeirra. Þó gefið sé út eitt framkvæmdaleyfi þarf eftir sem áður leyfi mismunandi heilbrigðisnefnda fyrir framkvæmdum á vatnsverndarsvæði, nokkuð sem þessi lagabreyting tekur ekki á. Þó flutningsöryggi raforku sé mikilvægt er aðgangur að hreinu neysluvatni grundvallarlífsgæði sem ekki má skerða. Því er mikilvægt að vanda til verka og hafa vatnsverndarsjónarmið að leiðarljósi í skipulagsgerð og umhverfismati þegar kemur að lagningu raflína sem annarra framkvæmda. Séu hagsmunir vatnsverndar ekki tryggðir í öllum sveitarfélögum sem raflínuskipulag tekur til getur það haft alvarleg áhrif til framtíðar. Að mati HER þyrfti að taka fram í frumvarpinu að gæta beri að hagsmunum vatnsverndar og að raflínuskipulag megi ekki ganga gegn samþykktum um vatnsvernd í viðkomandi sveitarfélögum.

Að lokum bendir HER á að kærufæri gæti reynst flókið ef skipuð er ein stjórnarsýslunefnd þvert á sveitarfélög. Réttur til að kæra mun eftir sem áður vera til staðar hjá íbúum og hagsmunaaðilum innan hvers sveitarfélags og getur það vegna umfangs orðið tímafrekara að afgreiða þær en þegar hver hluti framkvæmdar var tekinn fyrir í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Tafir vegna kæra verða á framkvæmdum og breytingum á skipulagi í öllum sveitarfélögum sem málið varðar, ekki einungis þaðan sem kæra berst eins og við núverandi fyrirkomulag. Ef litið er yfir frumvarpið í heild sinni fæst ekki séð að það leiði til einföldunar stjórnarsýslu.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri